

ÍÞRG3KÖ02

Búið til: Thu, 11 Jun 2015 14:22:34 GMT

Titill

Körfuknattleikur

Skammstöfun

ÍÞRG3KÖ02

Útgáfunúmer

29

Námsgrein

Íþróttagrein

Viðfangsefni

körfuknattleikur

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er bóklegur og verklegur með það að markmiði að nemandinn læri að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í körfuknattleik. Áhersla er á tæknikennslu og kennslu í leikfræði og reglum. Einnig er lögð áhersla á að nemandi geti borið ábyrgð á hópi barna og ástundað sjálfstæð vinnubrögð við þjálfun. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grunnfærni í greininni og lögð er áhersla á mikilvægi þess að leikurinn sé kenndur á leikrænan og skemmtilegan hátt.

Forkröfur

ÍÞRF2ÞJ05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- leikreglum í körfuknattleik
- hvernig á að leiðbeina börnum í körfuknattleik
- kennslu tækniæfinga í körfuknattleik
- skipulagningu körfuknattleikspjálfunar
- fjölbreyttum leik- og tækniæfingum í körfuknattleik.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leiðbeina byrjendum í körfuknattleik
- nota körfuknattleik sem skólaíþrótt
- spila körfuknattleik
- leiðbeina og bera ábyrgð á hópi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja íþróttatíma í körfuknattleik
- stjórna og borið ábyrgð á hópi af börnum
- átta sig á ólíkri getu einstaklinga í hópi

- ástunda sjálfstæð vinnubrögð við þjálfun barna.

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa að uppfylla skilyrði um mætingu og virkni í tímum. Áfanginn er metinn út frá verkefnaskilum, mætingu, virkni, færni og áhuga.

Skólar**Fyrirmynd**